

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá fyrir kattahald í Hveragerðisbæ, nr. 1358/2011.

#### 1. gr.

1. gr. gjaldskrárinnar orðist svo:

Þeir sem fá heimild til að halda kött, sbr. 1. gr. samþykktar nr. 556/2007 með áorðnum breytingum, um kattahald í Hveragerði skulu greiða fyrir það skráningargjald kr. 5.000 sem rennur í bæjarsjóð. Jafnframt skal eigandi kattar greiða árgjald kr. 4.400 sem rennur í bæjarsjóð. Er gjöldunum ætlað að standa undir kostnaði við framkvæmd fyrrgreindrar samþykktar, sbr. 2. gr. hennar.

#### 2. gr.

Breyting þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hveragerðisbæjar þann 12. desember 2019 með tilvísun til heimildar í samþykkt um kattahald í Hveragerði nr. 556/2007, sbr. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi.

*Hveragerði, 13. desember 2019.*

**Aldís Hafsteinsdóttir** bæjarstjóri.